



Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar

Janúar – júní 2026



Reykjavíkurborg

Árshlutareikningur Janúar - júní 2026

Efnisyfirlit

	Bls.
Yfirlit stjórnenda	2
Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9-28
Lykiltölur	29-31

Yfirlit stjórnenda

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.

A- og B-hluti	jan.-jún. 2026	2025	2024	2023	2022
Rekstrartekjur	155.554	293.749	277.439	251.625	222.264
- Þar af skatttekjur	83.872	155.628	143.896	134.507	117.883
Rekstrargjöld	(120.849)	(239.648)	(214.457)	(204.038)	(184.882)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA	34.705	54.101	62.982	47.587	37.381
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(19.736)	(21.969)	(25.955)	(29.418)	(26.311)
Matsbreyting fjárfestingaegna	(2.337)	8.334	2.773	4.967	20.534
Rekstrarniðurstaða	(5.471)	7.987	10.677	(3.385)	6.021
Sjóðstreymi					
Veltufé (til) frá rekstri	25.748	42.892	40.296	35.744	26.457
Handbært fé (til) frá rekstri	22.568	43.693	39.621	33.783	21.593
Fjárfesting brúttó	(27.842)	(64.030)	(58.073)	(59.880)	(50.849)
Tekin ný langtímalán	18.823	45.270	51.206	54.086	33.259
Afborganir langtímalána	(16.278)	(31.775)	(30.703)	(31.596)	(21.946)

A-hluti	jan.-jún. 2026	2025	2024	2023	2022
Rekstrartekjur	109.475	206.589	194.451	176.408	156.246
- Þar af skatttekjur	84.341	156.511	144.747	135.321	118.591
Rekstrargjöld	(101.541)	(199.340)	(176.291)	(168.458)	(158.407)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA	7.934	7.249	18.159	7.950	(2.161)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3.868)	(2.056)	(3.797)	(4.143)	(5.705)
Rekstrarniðurstaða	(3.212)	(5.317)	4.746	(4.969)	(15.605)
Sjóðstreymi					
Veltufé (til) frá rekstri	8.597	14.274	12.234	11.541	(883)
Handbært fé (til) frá rekstri	1.891	14.322	10.841	9.710	(2.197)
Fjárfesting brúttó	(9.836)	(21.413)	(20.740)	(25.832)	(26.276)
Sala byggingaréttar og greidd gatnagerðargjöld	1.402	6.018	8.310	4.183	6.531
Tekin ný langtímalán	7.427	13.166	16.230	20.850	21.895
Afborganir langtímalána	(4.109)	(7.758)	(11.455)	(5.289)	(3.879)

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar A-hluta

	Markmið		Raun	Raun	Raun	Fjárhagsáætlun 2026-2030			
	fjármálastefnu		2025-06	2026-06	2025	2026	2027	2028	
Rekstrarniðurstaða	>0	✗	(47)	✗ (3.212)	✗ (5.317)	✓ 4.763	✓ 6.853	✓ 7.832	
Hlutfall launakostnaðar	<80%	✓	77,2%	✓ 75,0%	✓ 78,5%	✓ 76,8%	✓ 76,3%	✓ 76,0%	
Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	✓	10,0%	✓ 7,9%	⚠ 6,9%	✓ 7,7%	✓ 8,0%	✓ 8,0%	
Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	✓	1,93	✓ 1,38	✓ 1,22	✓ 1,28	✓ 1,06	✓ 1,24	
Lántaka / fjárfestingum*	<70%	-	-	-	✓ 61%	✓ 59%	✓ 60%	✓ 48%	
Skuldaviðmið*	<100%	-	-	-	✓ 80%	✓ 77%	✓ 76%	✓ 72%	
Handbært fé í árslok	>8.000	✓	12.841	✓ 11.362	✓ 15.076	✓ 17.061	✓ 14.548	✓ 13.230	

* Einungis reiknað og birt á ársgrundvelli

Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Óendurskoðaður árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til júní 2026 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Niðurstaða rekstrar og staða efnahags

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á tímabilinu janúar til júní 2026 var neikvæð um 5,5 ma.kr. Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 30. júní 2026 námu samtals 1.055,4 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum námu 582,6 ma.kr. Eigið fé nam 472,8 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 18,9 ma.kr.

Rekstrarniðurstaða var 10,6 ma.kr. lakari niðurstaða en á sama tímabili árið 2025. Í áætlun var gert ráð fyrir 6,7 ma.kr. rekstrarafgangi. Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 34,7 ma.kr. í afgang sem var um 1,4 ma.kr. hærri en áætlun en 7,8 ma.kr. betri niðurstaða en á fyrstu sex mánuðum ársins 2025. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 22,3% og hækkar um 3,8%-stig samanborið við tímabilið janúar-júní 2025. Veltufé frá rekstri samantekins reiknings A- og B-hluta í hlutfalli af tekjum var 17,2% og hækkaði um 4,0%-stig miðað við sama tímabil 2025. Rekstrartekjur tímabilsins voru 155,6 ma.kr. og hækkuðu um 10,3 ma.kr. samanborið við árið 2025 eða um 7,8%. Þar af hækkuðu skatttekjur og tekjur frá Jöfnunarsjóð um 6,8 ma.kr. eða um 7,7%. Hækkun staðgreiðslu milli ára fyrir sama tímabila nam 5,3 ma.kr. eða 7,6%. Aðrar tekjur hækkuðu um 3,3 ma.kr. milli ára sem einkum má rekja til tekna frá OR en tekjur OR hækkuðu um 3,6 ma.kr. eða 10,5%. Rekstrargjöld án afskrifta námu 120,8 ma.kr. og hækkuðu um 2,4 ma.kr. samanborið við sama tímabil í fyrra eða um 2,1%. Afskriftir hækkuðu um 3,1 ma.kr. milli tímabila og rekja má til 2,1 ma.kr. auka gjaldfærslu í A-hluta. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 25,3 ma.kr. og voru 5,2 ma.kr. lægri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða A-hluta á fyrstu sex mánuðum ársins 2026 var neikvæð um 3,2 ma.kr. Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2026 námu samtals 317,1 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 233,3 ma.kr. Eigið fé nam 83,8 ma.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var 3,2 ma.kr. lakari niðurstaða en á sama tímabili árið 2025 en var 3,6 ma.kr. lægri en fjárhagsáætlun. Grunnreksturinn, þ.e. EBITDA var jákvæð um 7,9 ma.kr. sem var um 4,6 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan. EBITDA var um 268 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Skatttekjur voru 84,3 ma.kr. eða 1,2 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 0,8 ma.kr. yfir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 5,3 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2025. Annar rekstrarkostnaður jókst um 1,8 ma.kr. á milli ára og afskriftir um 2,4 ma.kr. Hækkun afskrifta skýrist af fasteignum til niðurrifs (615 m.kr.), afskriftum vegna verkefna sem hætt hefur verið við (567,7 m.kr.) og afskriftum á bókfærðu verði hjúkrunarheimilanna Markar við Suðurlandsbraut og við Sléttuveg (903,5 m.kr.) í samræmi við lög nr. 40/2025. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 7,9% á fyrstu sex mánuðum ársins 2026. Nettó fjármagnsgjöld voru hærri í ár um 5,4 ma.kr. sem skýrist að hluta af lægri tekjum vegna arðsgreiðslna auk þess sem þær falla að hluta til á síðari helming ársins í ár. Arðgreiðslur voru 3,7 ma.kr. lægri á fyrri hluta þessa árs samanborið við fyrra ár. Þá voru vaxtagjöld og verðbætur 1,7 ma.kr. hærri á fyrri helming ársins í ár. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 9,5 ma.kr. og voru 1,6 ma.kr. lægri en áætlað var.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,18% í A-flokki íbúðarhúsnæði, 1,32% í B-flokki opinberar byggingar og 1,60% í C-flokki atvinnuhúsnæði. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Þann 1. desember 2025 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg 147.042 skv. Þjóðskrá.

Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs

Ytra umhverfi og helstu áhættur

Óvissa um efnahagshorfur er enn mikil og ræðst framvindan að miklu leyti af stríðsátökum og stöðunni á innlendum vinnumarkaði. Hagvöxtur nam 1,3% árið 2025 og var 2,7% á fyrsta fjórðungi þessa árs, en talið er að það hafi hægt aftur á honum á öðrum fjórðungi þar sem einkaneysla hafi líklega gefið meira eftir en gert var ráð fyrir. Talið er að hagvöxtur muni nema 1,4% í ár.

Verðbólga jókst á ný í upphafi árs. Hún var 5,2% að meðaltali á fyrri helmingi ársins og mældist 5,6% í ágúst. Verðbólguvæntingar eru enn yfir markmiði og talin er hætta á að verðbólga reynist meiri en spár segja til um. Peningastefnunefnd hækkaði meginvexti um 0,25 prósentur í mars, maí og ágúst og eru þeir nú 8,0%. Raunvextir miðað við meðaltal mælikvarða eru 3,2%.

Launavísitalan hækkaði um 6,6 % milli ára á fyrri helmingi ársins, og gert er ráð fyrir að launakostnaður á framleidda einingu aukist um 3,8% í ár. Slaki á vinnumarkaði fer vaxandi. Á sama tíma hefur hægt töluvert á fólksfjölgun. Endurskoðunarákvæði kjarasamninga virkjuðust í lok ágúst.

Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Reykjavíkurborgar í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál ásamt öðru eru settar fram í Yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er fylgiskjal með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2025.

Staðfesting og áritun borgarstjóra og borgarráðs

Samkvæmt bestu vitneskju borgarstjóra og borgarráðs er árshlutareikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðunnar í heild, og að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs komi fram þær upplýsingar sem krafist er.

Borgarstjóri og borgarráð staðfesta hér með árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til júní 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. september 2026.

Borgarstjóri

Borgarráð

Stefur Þórðarson
Brúni Lennar

Ragnhildur Elda María Vilhjálmsd.
Þórr Magnúsd.
Helga
Þórhildur
Klára Kolleinsd.
Stína Guðmundsd.

Rekstrarreikningur janúar - júní 2026

	Skýr.	A-hluti			A- og B-hluti		
		Árshluta-	Fjárhagsáætlun	Árshluta-	Árshluta-	Fjárhagsáætlun	Árshluta-
		reikningur	með viðaukum	reikningur	reikningur	með viðaukum	reikningur
		jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2025	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2025
Rekstrartekjur	3, 32						
Skatttekjur		84.341.330	83.114.752	79.207.388	83.871.676	82.648.454	78.765.918
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		10.471.879	10.275.462	8.829.432	10.471.879	10.275.462	8.829.432
Aðrar tekjur		14.661.809	12.985.129	15.396.916	61.210.819	61.437.550	57.678.213
Rekstrartekjur samtals		109.475.018	106.375.343	103.433.737	155.554.373	154.361.465	145.273.563
Rekstrargjöld	33						
Laun og launatengd gjöld	4	58.611.768	57.416.762	55.938.912	69.502.904	68.326.558	65.883.326
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga	4,22	1.951.500	1.761.500	5.045.161	2.037.710	1.761.500	5.281.084
Annar rekstrarkostnaður		40.978.089	39.531.184	39.139.272	49.308.611	50.959.942	47.245.576
Rekstrargjöld samtals		101.541.357	98.709.446	100.123.345	120.849.225	121.048.000	118.409.986
Rekstrarniðurstaða fyrir							
afskriftir, EBITDA		7.933.661	7.665.897	3.310.391	34.705.148	33.313.465	26.863.578
Afskriftir	11,38,39	(7.277.324)	(5.257.984)	(4.907.964)	(17.233.140)	(15.108.130)	(14.164.172)
Rekstrarniðurstaða fyrir							
fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		656.337	2.407.913	(1.597.573)	17.472.008	18.205.335	12.699.406
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,34	(3.868.348)	(2.009.355)	1.550.806	(19.735.876)	(14.417.946)	(14.100.665)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta,							
matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga		(3.212.011)	398.557	(46.767)	(2.263.868)	3.787.389	(1.401.259)
Tekjuskattur	25,48	0	0	0	(536.692)	(135.053)	(441.571)
Matsbreyting fjárfestingaefna	10,36	0	0	0	(2.336.593)	3.406.920	7.277.846
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	7,40	0	0	0	(26.823)	11.259	(26.648)
Hlutdeild minnihluta							
í afkomu dótturfélaga		0	0	0	(307.055)	(380.550)	(313.862)
Rekstrarniðurstaða.....	6	<u>(3.212.011)</u>	<u>398.557</u>	<u>(46.767)</u>	<u>(5.471.031)</u>	<u>6.689.967</u>	<u>5.094.507</u>

Skýringar á bls. 9-28 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

Eignir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Árshluta-	Árs-	Árshluta-	Árs-
		reikningur	reikningur	reikningur	reikningur
		30.6.2026	31.12.2025	30.6.2026	31.12.2025
Fastafjármunir					
Óefnislegar eignir:					
Óefnislegar eignir	8,35	4.624.923	5.152.167	11.958.331	12.285.661
Varanlegir rekstrarfjármunir:	36,38,39				
Fasteignir	9	181.425.810	179.621.992	215.444.471	212.910.723
Veitukerfi	9	0	0	459.681.713	453.033.143
Fjárfestingaeignir	9	0	0	172.564.536	173.982.032
Gatnakerfi	9	44.906.830	43.566.914	45.296.262	43.968.849
Áhöld og tæki	9	7.658.507	8.166.350	17.634.882	18.060.267
Leigugeignir	10	5.089.111	5.629.215	6.153.858	6.654.613
		239.080.258	236.984.470	916.775.721	908.609.627
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	14, 40	10.679.094	10.379.094	9.504.322	9.517.138
Stofnframlög í húsnæðissjálfs eignastofnunum		10.096.091	9.668.115	6.887.413	6.661.487
Fyrirframgreiddur kostnaður	41	7.129.719	7.322.297	7.481.746	7.685.546
Innbyggðar afleiður	16	0	0	1.820.051	2.472.133
Áhættuvarnarsamningar	18,37	216.450	103.137	216.450	103.137
Tekjuskattseign	25,48	0	0	6.555.211	5.987.000
Aðrar langtímakröfur	17,42,43	1.630.650	1.755.054	1.698.936	1.922.674
		29.752.004	29.227.696	34.164.128	34.349.114
Fastafjármunir samtals		273.457.185	271.364.333	962.898.180	955.244.402
Veltufjármunir					
Birgðir	44	0	0	2.019.048	1.973.370
Skammtímakröfur:	45				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		25.462.768	18.040.370	37.300.486	26.895.489
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	17	499.182	746.938	507.529	755.594
Kröfur á eigin fyrirtæki		3.408.045	252.539	3.027	7.494
Fyrirframgreiddur kostnaður	41	385.156	385.156	1.579.350	1.120.985
Innbyggðar afleiður		0	0	1.334.629	1.238.391
Aðrar skammtímakröfur		2.532.823	2.811.978	3.892.787	4.682.667
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf		0	0	14.772.283	15.364.438
Handbært fé	46	11.361.778	15.076.010	31.128.015	30.806.302
Veltufjármunir samtals		43.649.753	37.312.990	92.537.154	82.844.731
Eignir samtals		317.106.938	308.677.323	1.055.435.335	1.038.089.134

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Árshluta- reikningur	Árs- reikningur	Árshluta- reikningur	Árs- reikningur
		30.6.2026	31.12.2025	30.6.2026	31.12.2025
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	21	83.774.908	86.986.919	453.905.026	458.730.600
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		0	0	18.938.411	18.811.119
Eigið fé samtals		83.774.908	86.986.919	472.843.436	477.541.720
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	22,47	44.643.160	43.790.369	45.529.027	44.637.505
Tekjuskattsskuldbinding	25,48	0	0	25.583.166	25.827.211
Stofnframlög frá ríki		0	0	8.300.948	8.010.618
Aðrar skuldbindingar		0	0	101.717	97.358
Skuldbindingar samtals		44.643.160	43.790.369	79.514.858	78.572.692
Langtímaskuldir					
Langtímaskuldir	23,49	137.713.784	131.556.002	408.482.650	393.252.550
Leiguskuldir	24,50	9.304.635	9.935.562	9.590.629	10.202.765
Fyrirfram greiðslur		0	0	1.633.667	1.694.761
Áhættuvarnarsamningar	18,37	0	0	186.543	355.333
Langtímaskuldir samtals		147.018.419	141.491.564	419.893.490	405.505.410
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		4.021	0	222.138	247.197
Viðskiptaskuldir		5.262.229	7.308.598	11.139.269	13.519.464
Næsta árs afborganir langtímaskulda	23	9.471.539	8.652.999	30.916.979	31.666.861
Næsta árs afborganir leiguskulda	24	2.005.955	2.049.243	2.044.627	2.091.035
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	22	2.150.000	2.150.000	2.210.957	2.211.005
Skuldir við eigin fyrirtæki		739.003	464.521	193.366	123.861
Fyrirfram greiðslur		0	77.014	3.081.850	372.155
Áhættuvarnarsamningar	18,37	236.736	98.395	868.601	844.572
Aðrar skammtímaskuldir		21.800.967	15.607.702	32.505.765	25.393.163
Skammtímaskuldir samtals		41.670.450	36.408.471	83.183.551	76.469.312
Skuldir og skuldbindingar samtals		233.332.029	221.690.404	582.591.899	560.547.414
Eigið fé og skuldir samtals		317.106.938	308.677.323	1.055.435.335	1.038.089.134
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	26				

Skýringar á bls. 9-28 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit janúar - júní 2026

	Skýr.	A-hluti			A- og B-hluti		
		Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur
		jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2025	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2026	jan.-jún. 2025
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða.....		(3.212.011)	398.557	(46.767)	(5.471.031)	6.689.967	5.094.507
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Söluhagnaður eigna		(1.633.958)	(1.500.000)	(2.414.276)	(1.677.710)	(1.500.000)	(2.598.874)
Afskriftir	11	7.277.324	5.257.984	4.907.964	17.233.140	15.108.130	14.164.172
Verðbætur, afföll og gengismunur	34	3.989.731	1.874.401	2.603.600	11.536.902	5.070.626	7.495.790
Breyting á markaðsverðbréfum		0	0	0	1.019.102	0	(2.574.893)
Innbyggðar afleiður, breyting	16	0	0	0	555.845	1.284.434	(149.860)
Gangvirðisbreyting áhættuvarnar		25.026	0	71.651	(258.075)	(43.062)	179.628
Matsbreyting fjárfestingaeigna	9	0	0	0	2.336.593	(3.406.920)	(7.277.846)
Áhrif dótturfélaga og hlutd. minnihluta		0	0	0	333.878	369.290	340.510
Breyting lífeyrisskuldbindingar	22	1.951.500	1.761.500	5.045.161	2.021.035	1.773.991	5.070.357
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Ísj, breyting		192.578	192.578	192.578	202.078	192.578	202.123
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	25	0	0	0	(1.045.532)	(1.634.866)	(735.719)
Niðurfærsla langtímakrafna		7.000	0	0	7.000	0	0
Niðurfært stofnframlag ríkisins		0	0	0	(26.496)	0	0
Veltufé (til) frá rekstri		8.597.192	7.985.021	10.359.911	26.766.729	23.904.167	19.209.894
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, lækun, (hækkun)		0	0	0	(45.983)	0	17.778
Skammtímakröfur, (hækkun), lækun		(10.028.899)	(1.507.904)	(8.625.831)	(9.662.966)	(3.510.409)	(6.688.985)
Skammtímaskuldir, (lækun), hækkun		4.421.379	0	4.390.458	7.658.705	989.614	7.773.967
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	22	(1.098.709)	(930.000)	(1.025.298)	(1.128.978)	(930.000)	(1.051.826)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		(6.706.230)	(2.437.904)	(5.260.671)	(3.179.222)	(3.441.249)	50.934
Handbært fé (til) frá rekstri		1.890.962	5.547.117	5.099.240	23.587.507	20.462.918	19.260.828
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	9	(9.481.966)	(11.035.000)	(7.631.606)	(25.329.114)	(30.951.504)	(22.398.962)
Fjárfesting í fjárfestingaeignum	9	0	0	0	(1.414.379)	(2.225.537)	(810.393)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	8	(354.036)	(474.000)	(440.501)	(1.098.351)	(994.000)	(1.086.810)
Innborguð gatnagerðargjöld	9	846.081	1.666.667	1.365.631	846.081	1.666.667	1.365.631
Sala byggingaréttar		555.888	1.333.333	789.081	555.888	1.333.333	789.081
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		875.258	166.667	841.443	1.292.818	489.333	1.844.436
Breyting á eignarhlutum		(727.976)	(650.307)	(623.466)	(239.933)	(450.000)	(470.044)
Langtímakröfur, breyting		390.297	1.050.000	25.359	393.688	1.046.795	35.537
Fjárfestingarhreyfingar		(7.896.453)	(7.942.640)	(5.674.058)	(24.899.735)	(30.084.913)	(20.731.522)
Fjármögnunarhreyfingar							
Stofnframlag frá ríki		0	0	0	529.082	400.613	348.381
Tekin ný langtímalán	23	7.427.243	7.000.000	5.612.485	18.822.534	22.985.241	22.916.643
Uppgreidd langtímalán	23	0	0	0	(31.808)	0	(675.401)
Afborganir langtímalána	23	(4.109.352)	(4.110.115)	(3.415.765)	(16.277.800)	(16.688.626)	(15.762.293)
Afborganir leiguskulda	24	(1.030.653)	(955.108)	(925.991)	(995.094)	(999.824)	(915.548)
Fyrirframgreiðsla tekna		0	0	0	(74.490)	0	65.545
Greiddur arður		0	0	0	0	0	(209.983)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir, breyting		4.021	0	995	(244.530)	(726)	275.391
Aðrar hreyfingar		0	0	(6.943)	0	0	(6.943)
Fjármögnunarhreyfingar		2.291.260	1.934.777	1.264.781	1.727.894	5.696.678	6.035.794
(Lækkun) Hækkun á handbæru fé.....		(3.714.231)	(460.746)	689.963	415.666	(3.925.317)	4.565.099
Handbært fé í ársbyrjun.....		15.076.010	15.565.156	12.150.761	30.806.302	32.888.261	34.132.862
Áhrif breytinga á eignarhlutafalli á handbært fé.....					(6.404)	0	(10.811)
Áhrif gengisbreyt. á handbært fé.....		0	0	0	(87.550)	0	(284.838)
Handbært fé í lok tímabils.....	46	11.361.778	15.104.410	12.840.724	31.128.015	28.962.945	38.402.313
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa							
Nýjar leigueignir	10	0	0	(154.449)	(82.081)	0	(254.295)
Nýjar leiguskuldir	24	0	0	154.449	50.907	0	254.295
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		269.850	0	2.567.161	426.196	0	2.567.161
Langtímakröfur, breyting		(269.850)	0	(2.567.161)	(426.196)	0	(2.567.161)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		0	0	0	(157.874)	0	811.193
Skammtímaskuldir, breyting		0	0	0	157.874	0	(811.193)
Aðrar skammtímaskuldir, breyting		0	0	0	226.135	0	209.981
Ógreiddur úthlutaður arður		0	0	0	(226.135)	0	(209.981)

Skýringar með árshlutareikningi

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Reykjavíkurborg, höfuðborg Íslands, er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 147.042 þann 1. desember 2025. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma árshlutareikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn árshlutareikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A- og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki, sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi borgarinnar eru: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Jafnlaunastofa sf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs. og Þjóðarleikvangur ehf.

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Innifalið í samanteknum árshlutareikningi A- og B-hluta eru árshlutareikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í samræmi við IFRS og ársreikningalög beita félögin eftirfarandi matsaðferðum:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- innbyggðar afleiður eru færðar á gangvirði.
- eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði.
- aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru í þessum árshlutareikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021. Áður voru reikningsskil þessara byggðasamlaga og sameignarfélaga að fullu færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar.

Árshlutareikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A-hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í árshlutareikningi A-hluta. Í samanteknum árshlutareikningi fyrir A- og B-hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöður og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

Skýringar með árshlutareikningi

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	A-hluti			A- og B-hluti		
	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur
	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025
Skatttekjur						
Útsvar						
Staðgreiðsla	74.885.132	74.065.162	69.587.031	74.885.132	74.065.162	69.587.031
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu	(3.851.807)	(3.809.631)	(3.579.393)	(3.851.807)	(3.809.631)	(3.579.393)
Hludt Jöfn.sjóðs í staðgr. v. málefna fatlaðs fólks	(7.203.379)	(7.124.505)	(6.693.742)	(7.203.379)	(7.124.505)	(6.693.742)
	63.829.945	63.131.027	59.313.896	63.829.945	63.131.027	59.313.896
Eftirá álagt útsvar	5.055.190	3.240.000	4.740.926	5.055.190	3.240.000	4.740.926
Skattbreytingar	(514.864)	0	523.282	(514.864)	0	523.282
Afskrifaðar skatttekjur	(520.263)	0	(386.247)	(520.263)	0	(386.247)
Breyting á niðurfærslu	(150.000)	0	(600.000)	(150.000)	0	(600.000)
	67.700.008	66.371.027	63.591.856	67.700.008	66.371.027	63.591.856
Fasteignaskattar						
Fasteignaskattur	15.258.043	15.342.461	14.309.074	14.834.152	14.921.664	13.910.684
Lóðarleiga	1.383.279	1.401.264	1.306.457	1.337.516	1.355.763	1.263.378
	16.641.322	16.743.725	15.615.531	16.171.668	16.277.427	15.174.062
Skatttekjur samtals	84.341.330	83.114.752	79.207.388	83.871.676	82.648.454	78.765.918
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga						
Framlög vegna málefna fatlaðs fólks	7.631.442	7.541.540	6.699.905	7.631.442	7.541.540	6.699.905
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, önnur framlög	2.840.436	2.733.922	2.129.528	2.840.436	2.733.922	2.129.528
	10.471.879	10.275.462	8.829.432	10.471.879	10.275.462	8.829.432
Aðrar tekjur						
Þjónustutekjur	7.015.010	7.149.423	7.033.176	15.600.586	14.630.786	14.634.048
Eignatekjur	21.836.833	20.960.841	20.112.388	22.775.176	21.866.428	20.987.277
Endurgreiðslur annarra	4.990.585	3.865.922	4.823.298	7.644.341	6.515.328	7.184.511
Aðrar tekjur	813.705	678.224	1.122.021	41.908.077	43.516.102	39.086.790
Sala byggingarréttar	555.888	1.333.333	863.391	555.888	1.333.333	863.391
Söluhagnaður eigna	1.078.069	166.667	1.550.885	1.121.822	166.667	1.735.483
Milliviðskipti tekin út	(21.628.281)	(21.169.281)	(20.108.242)	(28.395.071)	(26.591.095)	(26.813.288)
	14.661.809	12.985.129	15.396.916	61.210.819	61.437.550	57.678.213
Rekstrartekjur samtals	109.475.018	106.375.343	103.433.737	155.554.373	154.361.465	145.273.563

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	A-hluti			A- og B-hluti		
	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur
	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025
Laun	47.974.705	47.382.962	45.876.898	57.597.289	57.254.248	54.240.068
Launatengd gjöld	11.280.112	10.422.431	10.776.279	13.064.317	11.692.426	12.816.464
	59.254.817	57.805.393	56.653.177	70.661.606	68.946.674	67.056.533
Breyting áfallins orlofs	0	0	0	319.386	15.284	403.657
Millifærð og endurgreidd laun	(108.242)	(39.179)	(199.943)	(108.242)	(39.179)	(199.943)
Eignfærð laun	(534.807)	(349.453)	(514.322)	(1.369.846)	(596.222)	(1.376.920)
Laun og launat. gjöld án gjaldfærslu lífeyrisframl.	58.611.768	57.416.762	55.938.912	69.502.904	68.326.558	65.883.326
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	1.951.500	1.761.500	5.045.161	2.037.710	1.761.500	5.281.084
Laun og launatengd gjöld samtals	60.563.268	59.178.262	60.984.073	71.540.614	70.088.058	71.164.410

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	A-hluti			A- og B-hluti		
	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur	Árshluta- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur
	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025	jan.-jún.2026	jan.-jún.2026	jan.-jún.2025
Arður af eignarhlutum	3.273.865	3.273.865	6.963.783	149.724	0	149.775
Ábyrgðargjald	115.403	79.667	147.281	(7.971)	(1.259)	(10.173)
Vaxtatekjur og verðbætur	532.218	410.000	413.416	1.018.166	961.959	1.331.498
Vaxtagjöld og verðbætur	(7.612.766)	(5.653.725)	(5.891.785)	(20.979.046)	(14.154.971)	(16.062.311)
Fjármagnstekjuskattur	(137.170)	(57.695)	(83.442)	(149.846)	(58.186)	(114.628)
Innlausn vaxtaskipta- og gjaldmiðlasamninga	(57.433)	(61.466)	(12.317)	(57.433)	(73.315)	(12.317)
Gangvirðisbreytingar	(25.026)	0	(71.651)	129.176	(1.092.175)	316.854
Gengismunur	42.562	0	85.523	161.354	0	300.638
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(3.868.348)	(2.009.355)	1.550.806	(19.735.876)	(14.417.946)	(14.100.665)

Skýringar með árshlutareikningi

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja borgarinnar greinist þannig:

A-hluta stofnanir	Árshlutareikningur jan.-jún. 2026			Fjárhagsáætlun með viðaukum jan.-jún. 2026
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður				
Skatttekjur		96.333.003	96.333.003	94.895.176
Fjármála- og áhættustýringarsvið	666.656	38.196	(628.460)	(694.860)
Framlög til B-hluta fyrirtækja	2.819.006	0	(2.819.006)	(2.896.558)
Menningar- og íþróttasvið RVK	13.063.661	1.741.282	(11.322.379)	(11.103.806)
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	556.031	40.800	(515.231)	(532.437)
Skóla- og frístundasvið	50.790.698	2.588.834	(48.201.864)	(47.043.507)
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	1.417.162	23.670	(1.393.492)	(1.336.362)
Umhverfis- og skipulagssvið	9.985.232	3.750.474	(6.234.758)	(6.489.015)
Velferðarsvið	30.438.387	4.742.363	(25.696.025)	(24.520.830)
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	4.524.524	1.981.387	(2.543.138)	(2.601.188)
Sameiginlegur kostnaður	5.144.489	(22.120)	(5.166.610)	(5.281.803)
	119.405.847	111.217.888	(8.187.958)	(7.605.191)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	333.113	3.690.555	3.357.443	3.474.874
Aðalsjóður samtals	119.738.959	114.908.444	(4.830.515)	(4.130.317)
Eignasjóður				
Eignasjóður	22.093.992	22.205.768	111.775	3.020.970
Milliviðskipti A-hluta	(25.401.505)	(23.894.776)	1.506.729	1.507.904
A-hluti samtals	116.431.446	113.219.436	(3.212.011)	398.557
B-hluta fyrirtæki				
Faxaflóahafnir sf.	2.116.149	2.229.307	113.158	337.959
Félagsbústaðir hf.	5.449.063	1.629.688	(3.819.376)	3.346.256
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	418.909	393.475	(25.434)	(2.075)
Jafnlaunastofa sf.	78.162	100.410	22.248	567
Malbikunarstöðin Höfði hf.	694.986	579.576	(115.409)	140.775
Orkuveita Reykjavíkur	33.652.061	38.550.658	4.898.597	5.904.205
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	1.613.882	1.693.444	79.561	1.970
Sorpa bs.	2.243.330	2.377.244	133.914	161.983
Strætó bs.	3.987.030	4.091.489	104.460	1.469
Þjóðarleikvangur ehf.	3.529	11.038	7.509	753
	50.257.102	51.656.328	1.399.227	9.893.861
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	(1.423)	(1.423)	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага	0	(307.055)	(307.055)	(380.550)
B-hluti samtals	50.257.102	51.347.850	1.090.748	9.513.311
Milliviðskipti B-hluta	(7.227.392)	(10.577.161)	(3.349.768)	(3.221.902)
A- og B-hluti samtals	159.461.156	153.990.125	(5.471.031)	6.689.967

Niðurstaða fjármunatekna og fjármagnsgjalda A-hluta stofnana og B-hluta fyrirtækja eru færð meðal gjalda ef um gjöld er að ræða, annars meðal tekna.

Skýringar með árshlutareikningi

7. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага greinist þannig:

	A- og B-hluti jan.-jún. 2026
Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ohf.	(7.941)
Minjavernd hf.	(17.459)
Orkuveita Reykjavíkur - hlutdeildarfélag	(1.423)
	(26.823)

8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem samanstanda af hitaréttindum og hugbúnaði greinast þannig:

	A-hluti		A- og B-hluti	
	Hugbúnaður	Hugbúnaður	Hitaréttindi og þróunareignir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	9.243.121	17.088.362	4.723.943	21.812.305
Breyting í eignarhlut í byggðasamlögum 1.1.	0	(1.612)	0	(1.612)
Endurflokkun	0	39.673	(52)	39.621
Viðbætur á árinu	354.036	1.083.491	14.860	1.098.351
Selt og niðurlagt	0	(146.451)	(69.351)	(215.802)
Þýðingarmunur	0	0	(23.201)	(23.201)
	9.597.156	18.063.463	4.646.198	22.709.662
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	4.090.954	8.540.032	986.612	9.526.644
Breyting í eignarhlut í byggðasamlögum 1.1.	0	(1.009)	0	(1.009)
Endurflokkun	0	2.172	0	2.172
Þýðingarmunur	0	0	(1.399)	(1.399)
Afskrift ársins	881.279	1.228.267	142.459	1.370.725
Selt og niðurlagt	0	(145.804)	0	(145.804)
	4.972.233	9.623.659	1.127.672	10.751.330
Bókfært verð í lok tímabils	4.624.923	8.439.804	3.518.527	11.958.331

Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar er 5 - 7 ár. Hitaréttindi hafa óskilgreindan líftíma og eru færð á kostnaðarverði að fráðreginni virðisrýrnun. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

A-hluta greinast þannig:

	A-hluti			
	Fasteignir	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	257.270.590	59.976.565	17.805.867	335.053.022
Endurflokkun eigna	(77.014)	0	0	(77.014)
Viðbætur á árinu	5.888.845	3.286.596	306.525	9.481.966
Gatnagerðargjöld	0	(846.081)	0	(846.081)
Selt og niðurlagt	(227.367)	0	(30.459)	(257.826)
Staða í lok tímabils	262.855.055	62.417.079	18.081.933	343.354.068
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	77.648.599	16.409.651	9.639.517	103.697.767
Afskriftir tímabilsins	3.945.053	1.100.598	810.290	5.855.941
Selt og niðurlagt	(164.406)	0	(26.380)	(190.786)
Staða í lok tímabils	81.429.246	17.510.249	10.423.427	109.362.922
Bókfært verð í lok tímabils	181.425.810	44.906.830	7.658.507	233.991.146
Afskriftahlutföll	2% - 13%	4%	5% - 25%	

Skýringar með árshlutareikningi

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, framh:

A- og B-hluta greinast þannig:

Heildarverð	A- og B-hluti			
	Fasteignir	Framleiðslu- og veitukerfi	Gatnakerfi áhöld og tæki	Samtals
Staða í ársbyrjun	309.747.597	938.264.112	97.617.717	1.345.629.426
Áhrif breyt. á eignarhl. í samlags- og byggðafél.	(31.430)	0	(27.703)	(59.133)
Endurflokkun eigna	(77.014)	(39.042)	(579)	(116.634)
Viðbætur á árinu	7.217.292	13.885.285	4.384.411	25.486.988
Þýðingarmunur	0	1.408.808	(13.311)	1.395.496
Gatnagerðargjöld	0	0	(846.081)	(846.081)
Selt og niðurlagt	(227.367)	116.481	(532.558)	(643.444)
Staða í lok tímabils	316.629.079	953.635.643	100.581.896	1.370.846.618
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	96.836.874	485.230.969	35.588.601	617.656.444
Áhrif breyt. á eignarhl. í samlags- og byggðafél.	(6.980)	0	(17.058)	(24.038)
Endurflokkun eigna	0	(3.200)	1.028	(2.172)
Afskriftir ársins yfir rekstur	4.515.365	8.259.525	2.518.188	15.293.077
Afskriftir til lækkunar á skuldb. v. endurvinnslust.	3.756	0	0	3.756
Þýðingarmunur	0	461.955	(4.032)	457.923
Selt og niðurlagt	(164.406)	4.683	(435.975)	(595.698)
Staða í lok tímabils	101.184.608	493.953.930	37.650.752	632.789.291
Bókfært verð í lok tímabils	215.444.471	459.681.713	62.931.144	738.057.327
Afskriftahlutföll	2% - 20%	1% - 14%	4% - 33%	

Veðsetningar:

Á fasteignum Félagsbústaða hf. hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum, sem voru að eftirstöðvum 33.306 m.kr. í lok tímabils. Langtímalán Félagsbústaða, sem tryggt er með ábyrgð Reykjavíkurborgar, nam 35.517 m.kr. í lok tímabils. Skuldir Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf., að fjárhæð 2.595 m.kr. í lok júní 2026, eru tryggðar með veði í fasteign félagsins og leigusamningi við Reykjavíkurborg.

Samkomulag um Samgöngusáttmálann

Hinn 26. september 2019 var undirritað samkomulag um Samgöngusáttmálann; skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, til og með ársins 2033. Skrifað var undir uppfærslu og viðauka við Samgöngusáttmálann 21. ágúst 2024 og er gildistími hans nú út árið 2040. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og annast á grundvelli þess eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu, m.a. með skipun þriggja af sex stjórnarmönnum í Betri Samgöngum ohf.

Í ágúst 2024 nam uppfærður samgöngusáttmáli 311 ma.kr., þar af er gert ráð fyrir að hlutur sveitarfélaga sé 12,5%. Miðað við íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins er hlutfall Reykjavíkurborgar 56%. Þann 1. desember 2025 er áætlaður hlutur Reykjavíkurborgar miðað við það um 22 ma.kr. Greiddir hafa verið um 5,6 ma.kr. til samgönguframkvæmda vegna árána 2019 - 30.6.2026 og er sú fjárhæð færð sem fjárfesting í gatnakerfi í efnahagsreikningi. Framlag tímabilsins janúar - júní 2026 nam 0,6 ma.kr., ekki voru færðar afskriftir vegna þessara fjárfestinga árið 2026.

Fjárfestinga eignir greinast þannig:

Heildarverð	A- hluti	A- og B-hluti
Staða í ársbyrjun	0	173.982.032
Endurmat á tímabilinu	0	(2.352.427)
Viðbót á tímabilinu	0	1.414.379
Selt á árinu	0	(479.448)
Staða í lok tímabils	0	172.564.536

Framsetning Félagsbústaða hf. í samanteknum árshlutareikningi borgarinnar byggir á gangvirðisuppgjöri. Í gangvirðisuppgjöri er matsbreyting fasteigna færð gegnum rekstrarreikning.

Orkuveita Reykjavíkur framkvæmir sérstakt endurmat á framleiðslukerfum sínum og nær endurmatið til eigna sem notaðar eru til framleiðslu á rafmagni, heitu og köldu vatni. Gangvirði framleiðslueigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði sams konar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Sömu aðferð er beitt við ákvörðun á gangvirði dreifikerfa Orkuveitu Reykjavíkur, sem hafa verið metin sérstöku endurmati. Endurmetin dreifikerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis. Varanlegir rekstrarfjármunir Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. eru færðir á endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

10. Leigueignir

4% - 17% 1% - 50%

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýringar með árshlutareikningi

14. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		A-hluti	A- og B-hluti
	A-hluti	A- og B-hluti	Bókfært verð	Bókfært verð
Dótturfélög				
Félagsbústaðir hf.	100,0%	100,0%	3.540.267	0
Sorpa bs.	58,3%	58,3%	1.361.109	0
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	60,8%	60,8%	1.027.526	0
Strætó bs.	60,3%	60,3%	514.504	0
Malbikunarstöðin Höfði hf.	99,5%	100,0%	197.677	0
Faxaflóahafnir sf.	75,6%	75,6%	59.111	0
Íþrótta- og sýningahöllin hf.	50,0%	50,0%	50.000	0
Þjóðarleikvangur ehf.	50,0%	50,0%	5.882	0
Jafnlaunastofa sf.	50,0%	50,0%	500	0
Orkuveita Reykjavíkur	93,5%	93,5%	0	0
Samtals dótturfélög			6.756.576	0
Hlutdeildarfélag				
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	46,0%	46,0%	788.085	0
Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.	37,7%	37,7%	377.200	369.259
Minjavernd hf.	38,3%	38,3%	60.486	53.578
Situs ehf.	46,0%	46,0%	1.885	1.885
Netorka hf.		38,4%		74.412
Íslensk Nýorka		27,6%		12.241
Orkuskólinn REYST hf.		45,0%		3.567
Samtals hlutdeildarfélag			1.227.656	514.942
Önnur félög				
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	17,47%	17,47%	1.547.831	1.547.831
Þjóðarhöll ehf.	45,0 %	45,0%	1.104.500	1.104.500
Landskerfi bókasafna hf.	20,60%	20,60%	29.524	29.524
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	5,44%	5,44%	11.688	11.688
Próunarfélag Grundatanga ehf.	16,67%	25,2%	750	1.412
Betri samgöngur ohf.	0,0038%	0,0038%	563	563
Landsnet hf. *		6,78%		6.207.000
Vatnsveita Hvalfjarðarsveitar sf.		38,00%		48.264
DMM lausnir ehf. *		13,41%		23.898
Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi ehf.		66,67%		14.007
Halakot ehf.		75,60%		389
Önnur félög			7	304
Samtals önnur félög			2.694.863	8.989.380
Samtals eignarhlutir í félögum			10.679.094	9.504.322

Betri samgögnur ohf. var stofnað árið 2020. Innborgað hlutfé frá ríkinu nam 3,0 m.kr. og frá sveitarfélögunum samtals 1,0 m.kr. Á árinu 2022 var hlutafjárhækkun hjá félaginu og hlutfé ríkisins aukið um 15 ma.kr. sem var greitt með því að ríkið lagði land að Keldum og Keldnaholti til félagsins. Við hlutafjárhækkunina breyttist ekki nafnverð hlutafjár hvers og eins sveitarfélags, en hlutfall þess af heildarhlutfé lækkaði verulega. Innborgað hlutfé Reykjavíkurborgar nam 563 þús. kr. og er eignarhluturinn 0,0038%.

Hinn 21. ágúst 2024 skrifuðu ríkið og sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes undir samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald. Á grundvelli samkomulagsins var félagið Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. stofnað hinn 1. september 2025. Félagið, sem ætlað er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, er í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna sem fara með 67% eignarhlut og ríkisins sem fer með 33% eignarhlut og verður fjármögnun þess í samræmi við þau hlutföll. Félagið tók formlega til starfa 1. janúar 2026 og er stefnt að því að yfirfærslu verkefna frá Strætó bs. og til Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. verði lokið 1. október 2026, þó þannig að Strætó bs. annist áfram rekstur tiltekinna akstursleiða innan leiðakerfisins.

Sérstakur stýrihópur hefur starfað að undirbúningi stofnunar félagsins og yfirfærslu verkefna til þess á vettvangi SSH og ríkisins. Framlag Reykjavíkurborgar vegna undirbúnings og stofnunar Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. nam 377,2 m.kr. á árinu 2025.

*Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum. Stuðst er við verðmat sem framkvæmt er af sérfræðingum innan Orkuveitunnar og ytri sérfræðingum. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar í Landsneti hf. á tímabilinu janúar - júní 2026, líkt og stefnt hefur verið að, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 30.6.2026 og er færður meðal fastafjármuni meðal eignarhluta í félögum. Engin breyting var gerða á mati eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti hf. á tímabilinu janúar - júní 2026 og var bókfært verð óbreytt miðað við árslok 2025. Orkuveitan hefur hafið að nýju samtal við fjármálaráðuneytið um möguleg kaup þess á eignarhlutum.

15. Stofnframlög

	A- hluti - veitt stofnframlög bókfært verð	A- og B-hluti - veitt stofnframlög	12% af fasteignamati
Bjarg íbúðafélag hses.	3.468.400	3.468.400	4.788.324
Félagsbústaðir hf.	3.208.678	0	4.898.022
Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands	1.453.965	1.453.965	1.558.760
Nauthólsvegur 86 hses.	684.547	684.547	0
Byggingarfélag námsmanna ses	621.612	621.612	318.096
Stakkahlíð hses.	343.912	343.912	707.946
Leigufélag aldraðra hses.	203.714	203.714	246.828
Arnrún íbúðarfélag hses	50.210	50.210	105.588
Bata Hús hses	33.060	33.060	27.234
Andrastaðir hses	27.992	27.992	29.838
Samtals stofnframlög til húsnæðissjálfsseignarstofnana	10.096.091	6.887.413	12.680.636

Stofnframlög sem Reykjavíkurborg hefur greitt til tiltekinna íbúðafélaga samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir nema samtals 10.096 í lok júní 2026. Markmið laganna er að bæta húsnæðisöryggi einstaklinga og fjölskyldna sem eru undir tilteknum tekju- og eignamörkum. Í því skyni er ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum, með það að markmiði að stuðla að framboði leiguíbúða á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á þeim að halda.

16. Innbyggðar afleiður

Raforkusölusamningar tengdir álverði fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um fjármálagerninga hefur gangvirði innbyggðra afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur, verið metið og fært í reikningsskilin.

Innbyggðar afleiður raforkusölusamninga, sem færðar eru í reikningsskilin, eru færðar til eigna eða skulda í efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörstegi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum greinist þannig:	jan.-jún. 2026	31.12.2025
Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í ársbyrjun	3.710.524	682.667
Breyting á gangvirði á árinu	(555.845)	3.027.858
Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í lok tímabils	3.154.679	3.710.524
Skipting innbyggðra afleiða í raforkusamningum er eftirfarandi:		
Langtímahluti innbyggðra afleiða	1.820.051	2.472.133
Skammtímahluti innbyggðra afleiða eign	1.334.629	1.238.391
Innbyggðar afleiður samtals	3.154.679	3.710.524

Skýringar með árshlutareikningi

17. Langtímakröfur

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Aðrar langtímakröfur A-hluta			
Staða í byrjun ársins	972.125	3.339.849	4.311.974
Nýjar kröfur	0	585.700	585.700
Afborganir	0	(792.379)	(792.379)
Bakfærðar kröfur	0	(6.641)	(6.641)
Verðbætur	25.138	0	25.138
	997.263	3.126.529	4.123.792
Óbein niðurfærsla	0	(1.993.959)	(1.993.959)
	997.263	1.132.570	2.129.832
Næsta árs afborganir	0	(499.182)	(499.182)
	997.263	633.387	1.630.650
Aðrar langtímakröfur A- og B-hluta			
Staða í byrjun ársins	1.148.402	3.339.849	4.488.251
Áhrif breytinga á eignarhlutfalli í samlags- og byggðafélögum	(446)	0	(446)
Nýjar kröfur	(93.567)	585.700	492.133
Bakfærðar kröfur	0	(6.641)	(6.641)
Afborganir	(3.391)	(792.379)	(795.770)
Verðbætur	22.898	0	22.898
	1.073.895	3.126.529	4.200.425
Óbein niðurfærsla	0	(1.993.959)	(1.993.959)
	1.073.895	1.132.570	2.206.465
Næsta árs afborganir	(8.347)	(499.182)	(507.529)
	1.065.548	633.387	1.698.936
Afborganir af langtímakröfum greinast þannig næstu ár:			
Tímabilið 1.7.2026-30.6.2027		499.182	507.529
Tímabilið 1.7.2027-30.6.2028		254.547	263.203
Tímabilið 1.7.2028-30.6.2029		49.296	55.592
Tímabilið 1.7.2029-30.6.2030		0	0
Tímabilið 1.7.2030-30.6.2031		3.781	3.781
Síðar		1.323.026	1.376.360
		2.129.832	2.206.465

18. Áhættuvarnarsamningar A- hluta

Bókfært verð skiptist þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Áhættuvarnarsamningar, langtímakrafa	216.450	103.137
Áhættuvarnarsamningar, skammtímaskuld	(236.736)	(98.395)
Bókfært verð	(20.285)	4.741

Reykjavíkurborg hefur gert tvo áhættuvarnarsamninga til að verjast vaxta- og gjaldeyrisáhættu vegna lántöku í EUR hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB), sbr. skýringu 23. Fyrri samningurinn var gerður á miðju ári 2025 og er með lokagjaldþaga 2029 en seinni samningurinn var gerður á miðju ári 2026 og er með lokagjaldþaga 2030. Báðir samningarnir hafa á líftíma sínum sama greiðsluflæði vaxta og afborgana og lánsamningurinn. Í upphafi samninga greiðir Reykjavíkurborg mótaðila evrur (fyrri samningur: 16 milljónir EUR, seinni samningur: 19 milljónir EUR) og fær íslenskar krónur (fyrri samningur: 2.344 milljónir ISK, seinni samningur: 2.720,8 milljónir ISK). Á samningstímanum eru þessar fjárhæðir endurgreiddar á milli Reykjavíkurborgar og mótaðila. Reykjavíkurborg greiðir 6 mánaða REIBOR vexti að viðbættu vaxtaálagi og fær á móti greidda 6 mánaða EURIBOR vexti að viðbættu vaxtaálagi.

Áhættuvarnarsamningarnir eru færðir á gangvirði á hverjum reikningskiladegi og gangvirðisbreytingar eru færðar meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi sjá sundurliðun í skýringu 5. Gangvirði samninganna á uppgjörssdegi er fært sem eign eða skuld í efnahagsreikningi eftir því sem við á. Gangvirði einstakra samninga er skipt í skammtíma- og langtímahluta eftir því hvort greiðslur muni falla til innan næstu tólf mánaða frá reikningsskiladegi eða síðar.

Gangvirði áhættuvarnarsamninga er fengið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðsstreymi með vaxtaferlum á uppgjörssdegi þar sem núvirðingarvextir eru í EUR á bilinu 2,53% - 2,72% og í ISK á bilinu 7,40% - 8,22%. Mat á gangvirði með þessum hætti flokkast undir stig 2 í gangvirðismati.

Upplýsingar um áhættuvarnarsamninga OR má finna í árshlutareikningi OR 30. júní 2026.

Skýringar með ársreikningi

19. Stig gangvirðis fjáreigna og fjárskulda

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum A-hluta og A-og B-hluta eru metnar á gangvirði. Gangvirði þessara eigna og skulda er ákvarðað samkvæmt markaðsgögnum eða með hliðsjón af verðum í nýlegum viðskiptum liggi þessar upplýsingar fyrir. Annars er viðurkenndum verðmatsaðferðum beitt. Upplýsingar um gangvirðisútreikninga má einnig finna í umfjöllun um þessar eignir og skuldir í skýringu nr. 17. Eignarhlutar í félögum, nr. 18 Stofnframlög og skýringu nr. 19 Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum.

Taflan hér á eftir sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin á gangvirði, flokkaðir eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin (óleiðrétt) verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgæfnum verðum á virkum markaði (stig1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum og félögum er unnið af starfsfólki Reykjavíkurborgar, Orkuveitunnar og ytri sérfræðinum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.6.2026	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
A-hluti				
Áhættuvarnarsamningar, langtímaeign		216.450		216.450
Áhættuvarnarsamningar, skammtímaskuld		(236.736)		(236.736)
	0	(20.285)	0	(20.285)
A- og B-hluti				
Eignarhlutir í félögum			6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamninga			3.154.679	3.154.679
Áhættuvarnarsamningar, langtímaeign		216.450		216.450
Markaðsverðbréf	14.772.283			14.772.283
Áhættuvarnarsamningar		(1.055.144)		(1.055.144)
	14.772.283	(838.694)	9.385.577	23.319.167

31.12.2025	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
A-hluti				
Áhættuvarnarsamningar, langtímaeign		103.137		103.137
Áhættuvarnarsamningar, skammtímaskuld		(98.395)		(98.395)
	0	4.741	0	4.741
A- og B-hluti				
Eignarhlutir í félögum			6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamninga			3.710.524	3.710.524
Áhættuvarnarsamningar, langtímaeign		103.137		103.137
Markaðsverðbréf	15.364.438			15.364.438
Áhættuvarnarsamningar		(1.199.905)		(1.199.905)
	15.364.438	(1.096.769)	9.941.422	24.209.092

Breyting á eignum sem falla undir stig 3 greinist með eftirfarandi hætti:

	1.1 - 30.6.2026		2025	
	A - hluti	A- og B-hluti	A - hluti	A- og B-hluti
Staðan í ársbyrjun		9.941.422		6.926.647
Selt/innleyst				(13.082)
Matsbreyting		(555.845)		3.027.857
Staða í lok tímabils	0	9.385.577	0	9.941.422

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru til lengri tíma en tíu ára og því flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár. Frekari upplýsingar um gangvirði innbyggðra afleiða OR er að finna í samstæðu árshlutareikningi Orkuveitu Reykjavíkur 30. júní 2026.

Skýringar með ársreikningi

20. Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka:

	A-hluti 30.6.2026			A- og B-hluti 30.6.2026				
	Kostnaðar- verð	Afskrifað kostnaðar verð	Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Kostnaðar- verð	Afskrifað kostnaðar verð	Hlutdeildar aðferð	Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Gangvirði í gegnum eigið fé
Fjáreignir								
Eignarhlutir í félögum	10.679.094			2.758.482		514.942	23.898	6.207.000
Stofnframlög í húsnæðissjálfseignastofnunum	10.096.091			6.887.413				
Innbyggðar afleiður, langtíma							1.820.051	
Áhættuvarnarsamningar, langtíma			216.450				216.450	
Aðrar langtímakröfur		1.630.650			1.698.936			
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		7.820.233			19.657.951			
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna		499.182			507.529			
Kröfur á eigin fyrirtæki		3.408.045			3.027			
Innbyggðar afleiður, skammtíma							1.334.629	
Aðrar skammtímakröfur	420.000	665.420		102.669	2.342.715			
Bundnar innistæður og markaðsverðbréf							14.772.283	
Handbært fé		11.361.778			31.128.015			
Fjáreignir samtals	21.195.185	25.385.309	216.450	9.748.564	55.338.173	514.942	18.167.311	6.207.000
Fjárskuldir								
Langtímaskuldir		137.713.784			408.482.650			
Leiguskuldir, langtíma		9.304.635			9.590.629			
Áhættuvarnarsamningar, langtíma							186.543	
Skuldir við lánastofnanir					222.138			
Viðskiptaskuldir		5.262.229			11.139.269			
Næsta árs afborganir langtímaskulda		9.471.539			30.916.979			
Næsta árs afborganir leiguskulda		2.005.955			2.044.627			
Skuldir við eigin fyrirtæki		739.003			193.366			
Áhættuvarnarsamningar, skammtíma			236.736				868.601	
Aðrar skammtímaskuldir		21.754.674			30.651.849			
Fjárskuldir samtals		186.251.819	236.736		493.241.507		1.055.144	

	A-hluti 31.12.2025			A- og B-hluti 31.12.2025				
	Kostnaðar- verð	Afskrifað kostnaðar verð	Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Kostnaðar- verð	Afskrifað kostnaðar verð	Hlutdeildar aðferð	Gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Gangvirði í gegnum eigið fé
Fjáreignir								
Eignarhlutir í félögum	10.379.094			2.744.475		541.765	23.898	6.207.000
Stofnframlög í húsnæðissjálfseignastofnunum	9.668.115			6.661.487				
Innbyggðar afleiður, langtíma							2.472.133	
Áhættuvarnarsamningar, langtíma			103.137				103.137	
Aðrar langtímakröfur		1.755.054			1.922.674			
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		4.352.283			13.207.403			
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna		746.938			755.594			
Kröfur á eigin fyrirtæki		252.539			7.494			
Innbyggðar afleiður, skammtíma							1.238.391	
Áhættuvarnarsamningar, skammtíma							0	
Aðrar skammtímakröfur	420.000	1.377.527		102.669	3.565.547			
Bundnar innistæður og markaðsverðbréf							15.364.438	
Handbært fé		15.076.010			30.806.302			
Fjáreignir samtals	20.467.209	23.560.350	103.137	9.508.630	50.265.014	541.765	19.201.997	6.207.000
Fjárskuldir								
Langtímaskuldir		131.556.002			393.252.550			
Leiguskuldir, langtíma		9.935.562			10.202.765			
Áhættuvarnarsamningar, langtíma							355.333	
Skuldir við lánastofnanir					247.197			
Viðskiptaskuldir		7.308.598			13.519.464			
Næsta árs afborganir langtímaskulda		8.652.999			31.666.861			
Næsta árs afborganir leiguskulda		2.049.243			2.091.035			
Skuldir við eigin fyrirtæki		464.521			123.861			
Áhættuvarnarsamningar, skammtíma			98.395				844.572	
Aðrar skammtímaskuldir		15.571.429			22.510.749			
Fjárskuldir samtals		175.538.353	98.395		473.614.482		1.199.905	

Skýringar með árshlutareikningi

21. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A-hluti	A- og B-hluti
Staða í ársbyrjun	86.986.919	458.730.600
Áhrif breytinga á eignarhlutfalli í samlags- og byggðafélögum	0	(25.596)
Þýðingarmunur Orkuveitu Reykjavíkur o.fl.	0	671.052
Rekstrarniðurstaða	(3.212.011)	(5.471.031)
	<u>83.774.908</u>	<u>453.905.026</u>

Þýðingarmunur er gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila í starfsemi sem notar annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu.

22. Lífeyrisskuldbindingar

R-deild Brúar lífeyrissjóðs

Áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna Brúar R-deildar nam 43,6 ma.kr. í árslok 2025 að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% raunvexti, en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% raunvexti.

Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðs Brúar R-deild er notaður reiknigrundvöllur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2019 að viðbætttri spá félagsins frá 2020 um lækkun á aldursbundinni dánartíðni, og auglýst var af fjármálaráðuneyti í lok árs 2021 sem hluti staðalforsendna við uppgjör lífeyrissjóða. Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi Lífeyrissjóðs Brúar.

Breyting lífeyrisskuldbindinga á tímabilinu janúar til júní 2026 er miðuð við upplýsingar frá lífeyrissjóðnum Brú R-deild varðandi breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og breytingar á áfallinni skuldbindingu.

	Lífeyrissjóður Brúar A-deild	Lífeyrissjóður Brúar R-deild (LsRb)	A-hluti
Skuldbindingar greinist þannig:			
Lífeyrisskuldbindingar í upphafi árs	2.334.681	43.605.689	45.940.369
Breyting á lífeyrisskuldbindingum á árinu	0	1.951.500	1.951.500
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(101.496)	(997.213)	(1.098.709)
Lífeyrisskuldbindingar í lok tímabils	<u>2.233.184</u>	<u>44.559.976</u>	<u>46.793.160</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	190.000	1.960.000	2.150.000
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	2.043.184	42.599.976	44.643.160
	<u>2.233.184</u>	<u>44.559.976</u>	<u>46.793.160</u>
Skuldbindingar greinist þannig:			A- og B-hluti
Lífeyrisskuldbindingar í upphafi árs	2.468.188	44.380.321	46.848.510
Áhrif breyt. á eignarhl. í samlags- og byggðafél.	(583)	0	(583)
Breyting á lífeyrisskuldbindingum á árinu	0	2.021.035	2.021.035
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(103.601)	(1.025.376)	(1.128.978)
Lífeyrisskuldbindingar í lok tímabils	<u>2.364.004</u>	<u>45.375.980</u>	<u>47.739.984</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	200.957	2.010.000	2.210.957
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	2.163.047	43.365.980	45.529.027
	<u>2.364.004</u>	<u>45.375.980</u>	<u>47.739.984</u>

A-deild Brúar lífeyrissjóðs

Jafnframt er færð áfallin lífeyrisskuldbinding vegna tryggingafræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar A-deildar vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Þegar breytingar urðu á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna og tryggingafræðileg staða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið, þá var þessi hópur undanskilinn. Árið 2023 var tryggingafræðileg staða A-deildar utan vikmarka og því kemur til bakábyrgðar Reykjavíkurborgar, Félagsbústaða og Strætó vegna þessa hóps. Samsvarandi skuldbinding hefur verið færð til skuldar.

Skýringar með árshlutareikningi

23. Langtímaskuldir

A-hluti

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Gengistryggt	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs	5.034.240	95.817.083	39.357.678	140.209.000
Viðbót á árinu	0	5.234.703	2.192.541	7.427.243
Afborganir ársins	0	(2.657.143)	(1.452.208)	(4.109.352)
Verðbætur, afföll og gengismunur	(109.440)	3.782.273	(14.402)	3.658.431
	4.924.800	102.176.916	40.083.608	147.185.323
Næsta árs afborgun	(252.000)	(5.691.763)	(3.527.776)	(9.471.539)
	4.672.800	96.485.152	36.555.832	137.713.784

A- og B-hluti

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Gengistryggt	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs	54.512.841	307.449.537	62.957.034	424.919.411
Endurflokkun	140.172	0	(140.172)	(0)
Áhrif br. á eignarhl. í samlags- og byggðafélögum	0	(13.122)	0	(13.122)
Viðbót ársins	0	15.280.684	3.541.851	18.822.534
Uppgreiðsla	0	(31.808)	0	(31.808)
Afborgun ársins	(5.465.174)	(8.177.577)	(2.635.050)	(16.277.800)
Verðbætur, afföll og gegnismunur	(109.117)	12.103.932	(14.402)	11.980.413
	49.078.722	326.611.646	63.709.261	439.399.629
Næsta árs afborgun	(8.609.887)	(14.993.443)	(7.313.649)	(30.916.979)
	40.468.835	311.618.204	56.395.611	408.482.650

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig næstu ár:

	A-hluti	A- og B-hluti
Tímabilið 1.7.2026-30.6.2027	9.471.539	30.916.979
Tímabilið 1.7.2027-30.6.2028	9.633.757	34.919.957
Tímabilið 1.7.2028-30.6.2029	9.793.596	30.232.170
Tímabilið 1.7.2029-30.6.2030	12.958.419	29.280.936
Tímabilið 1.7.2030-30.6.2031	10.128.391	26.016.382
Síðar	95.199.621	288.033.205
	147.185.323	439.399.629

24. Leiguskuldir

Eignasjóður hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar sbr. skýr. 47. Leigusamningarnir eru verðtryggðir.

	A-hluti	A- og B-hluti
Staða í byrjun árs	11.984.805	12.293.800
Viðbót á tímabilinu	0	50.907
Afborganir tímabilsins	(1.030.653)	(995.094)
Verðbætur tímabilsins	356.438	285.643
	11.310.590	11.635.256
Næsta árs afborgun	(2.005.955)	(2.044.627)
	9.304.635	9.590.629

Afborganir af leiguskuldum greinast þannig næstu ár:

	A-hluti	A- og B-hluti
Tímabilið 1.7.2026-30.6.2027	2.005.955	2.044.627
Tímabilið 1.7.2027-30.6.2028	1.617.145	1.641.478
Tímabilið 1.7.2028-30.6.2029	1.680.367	1.687.645
Tímabilið 1.7.2029-30.6.2030	1.699.857	1.688.805
Tímabilið 1.7.2030-30.6.2031	1.354.745	1.320.991
Síðar	2.952.521	3.251.709
	11.310.590	11.635.256

Skýringar með árshlutareikningi

25. Skattamál

Tekjuskattur þeirra B-hluta fyrirtækja sem eru tekjuskattsskyld, er reiknaður og færður í ársreikninginn. Mismunur í skattalegu uppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar leiðir til þess að, annað hvort myndast tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding.

Þau félög í B-hluta sem reikna tekjuskatt eru: Orkuveita Reykjavíkur, Íþrótt- og sýningahöllin og Malbikunarstöðin Höfði og Þjóðarleikvangur.

Breyting reiknaðrar tekjuskattseignar (-skuldbindingar) greinist þannig:

	Tekjuskatts- eign	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í ársbyrjun	5.987.000	25.827.211
Reiknaður tekjuskattur á árinu	934.211	1.485.376
Aðrar breytingar	(398.940)	45.262
Tekjuskattur til greiðslu	32.939	(1.774.683)
Staða í lok tímabils	6.555.211	25.583.166

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabils á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	Tekjuskatts- eign	Tekjuskatts- skuldbinding
Varanlegir rekstrarfjármunir	14.906	26.273.457
Óefnislegar eignir	16.916	164.649
Innbyggðar afleiður	(1.186.159)	0
Aðrir liðir	83.319	(600)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	0	(327.263)
Áhrif af niðurfærslu á skattalegu tapi	7.626.229	(527.076)
Staða í lok tímabils	6.555.211	25.583.166

26. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

	A-hluti	A- og B-hluti
Styrkir, verksamningar og eigna- og rekstrarleigusamningar 31.12.2025	45.924.440	59.383.407
Ábyrgðarskuldbindingar A-hluta gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána 31.12.2025	361.619	361.619
Skuldbindingar A-hluta Reykjav.borgar vegna B-hluta fyrirtækja 30.6.2026	62.596.462	0
	108.882.521	59.745.027

27. Önnur mál

Erindi frá Nýja Landspítalanum (NLSH ohf.) þar sem krafist er uppgjors á samningum milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar frá árinu 2004

NLSH ohf. hefur sent Reykjavíkurborg erindi þar sem krafist er uppgjors á þegar gerðum samningum milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í tengslum við uppbyggingu bílastæðahús við Nýja Landspítala. Nánar tiltekið nemur uppreiknuð krafa NLSH á hendur Reykjavíkurborg 1.695 m.kr. króna. Með bréfi, dags 4. mars 2026, hafnaði Reykjavíkurborg að mestu leyti kröfu NLSH með rökstuddum hætti að því undanskildu að talið er rétt að Reykjavíkurborg greiði íslenska ríkinu (ekki NLSH ohf.) eftirstöðvar samningsbundinnar greiðslu að fjárhæð 450 m.kr.- sem fullnaðaruppgjör vegna eins af umræddum samningum. Eftirstöðvar samningasbundinnar greiðslu 450 m.kr. voru færðar til skuldar í ársreikningi 2025.

Skipulagsbreytingar og yfirfærsla verkefna Strætó bs. til Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að umfangsmiklum skipulagsbreytingum á fyrirkomulagi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar eru liður í innleiðingu samgöngusáttmálans og fela í sér tilfærslu verkefna og ábyrgðar frá Strætó til Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins (ASHB). Upphaflega var gert ráð fyrir að yfirfærslu verkefna yrði lokið á fyrri hluta ársins. Vegna flækjustigs við yfirfærslu verkefna, tekna, samninga og upplýsingakerfa hefur verkefnaflutningi hins vegar verið seinkað og er nú stefnt að því að verkefnaflutningi ljúki 1. október 2026. Á meðan á yfirfærslunni stendur sinnir Strætó áfram hluta þeirra verkefna sem síðar flytjast til ASHB. Á meðan yfirfærslunni stendur innheimtir Strætó áfram fargjöld og móttækur rekstrarframlög fyrir hönd þeirrar starfsemi sem síðar flyst til ASHB. Að yfirfærslu lokinni verður gert fjárhagslegt uppgjör milli félaganna vegna tekna, framlaga, eigna, skulda og annarra réttinda og skuldbindinga sem tilheyra verkefnunum. Þegar verkefnaflutningi lýkur mun ASHB bera ábyrgð á skipulagningu og stýringu almenningsamgangna og gera þjónustusamning við Strætó um framkvæmd aksturs, með sambærilegum hætti og gert er við aðra verktaka sem annast akstursþjónustu fyrir félagið. Stjórn leggur áherslu á að yfirfærslan fari fram með skýrum hætti og að tryggð verði samfella í þjónustu við notendur á meðan breytingarnar standa yfir.

Eftir lok tímabilsins hefur undirbúningur vegna yfirfærslu verkefna og ábyrgðar til Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins (ASHB) haldið áfram. Verkefnaflutningi hefur verið seinkað og er nú stefnt að því að honum ljúki 1. október 2026. Fram að því mun Strætó áfram sinna hluta þeirra verkefna sem síðar flytjast til ASHB og annast framkvæmd þjónustunnar samkvæmt gildandi fyrirkomulagi. Að verkefnaflutningi loknum verður gert fjárhagslegt uppgjör milli félaganna vegna þeirra verkefna sem flytjast yfir. Horfur fyrir síðari hluta ársins mótast áfram af framkvæmd skipulagsbreytinganna og yfirfærslu verkefna til ASHB. Gert er ráð fyrir að ASHB taki við ábyrgð á skipulagningu og stýringu almenningsamgangna, en jafnframt hefur verið kynnt að unnið verði að útboði á þeirri akstursþjónustu sem Strætó sinnir í dag. Samkvæmt fyrirbyggjandi áformum verður útboð á þeirri akstursþjónustu sem Strætó sinnir í dag undirbúið af ASHB. Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili taki við þjónustunni að loknum undirbúningi og innleiðingu, en þá mun rekstri Strætó bs. ljúka. Áhersla verður áfram lögð á að tryggja farsæla yfirfærslu verkefna og órofna þjónustu við farþega á meðan breytingarnar standa yfir.

Skýringar með árshlutareikningi

Gerðardómur um túlkun ákvæða raforkusamnings við Norðurál

Þann 21. október 2025 varð rekstrartruflun hjá Norðuráli á Grundartanga þegar bilun kom upp í tveimurspennum. Framleiðsla álversins stöðvaðist að hluta og tekur Norðurál aðeins við óverulegum hluta af samningsbundnu magni. Norðurál er einn stærsti viðskiptavinur ON Power eins af dótturfélögum Orkuveitunnar og hefur stöðvunin því umtalsverð áhrif á rekstur ON Power og þar með á rekstur Orkuveitunnar. Aðilum kemur ekki saman um hvort Norðuráli beri að standa við kaupskyldu samnings og greiða fyrir samningsbundið magn þrátt fyrir að veita því ekki viðtöku en Norðurál ber fyrir sig ForceMajeure aðstæður. Slíku hefur ON Power hafnað og hafa Orkuveitan og ON Power hafið gerðardómsmeðferð til að fá úr því skorið. Uppkeyrsla álversins hófst í apríl 2026 og gert er ráð fyrir að fullu afli verði náð á fjórða ársfjórðungi 2026.

Þá er uppi óvissa um greiðsluskyldu ON Power gagnvart Landsneti vegna flutningssamnings aðila og byggir hún á áþekkum forsendum og að framan greinir. ON Power hefur hingað til einungis greitt fyrir flutt orkumagn og mældan afltopp síðan rekstrarbilun Norðuráls átti sér stað. Á uppgjörssdegi er mismunurinn á greiddum reikningum og þeim sem hafa verið útgefnir af Landsneti rúmar 404 milljónir kr. frá því í október 2025. Enn er beðið formlegra viðbragða frá Landsneti um afstöðu fyrirtækisins en þrátt fyrir það má gera ráð fyrir að málið fari í ágreining og að leysa þurfi það fyrir dómstólum.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar þrátt fyrir lagaskyldu þar að lútandi. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6.207 milljónir kr. þann 30.06.2026. Eignarhluturinn er færður meðal fastafjármuna. Orkuveitan hefur hafið að nýju samtal við fjármálaráðuneytið um möguleg kaup þess á eignarhlutnum.

Arður Orkuveitunnar til eigenda

Arðgreiðsla Orkuveitunnar að fjárhæð 4.500 milljónir kr. var samþykkt á aðalfundi 17. apríl 2026. Þar af eru 3.500 milljónir kr. án fyrirvara og komu til greiðslu 14. ágúst og því færðar meðal sammtímaskulda 30.6.2026. Útgreiðsla 1.000 milljóna kr. er háð hagfelldri niðurstöðu óvissuþátta. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2025-2027.

Samkomulag Félagsbústaða við Bjarg íbúðarfélag um byggingu íbúða

Félagsbústaðir hafa gert samkomulag við Bjarg íbúðafélag hses um samstarf um byggingu íbúða fyrir Félagsbústaði. Áætlaður heildarkostnaður félagsins vegna samkomulagsins er áætlaður um 1.292 m.kr. en um 623 m.kr. standa eftir óuppgerðar þann 30.06.2026. Stefnt er að afhendingu 4 íbúða um sumarið 2026 og 16 íbúða á árinu 2027. Gert er ráð fyrir að eftirstöðvar samnings verði gerður upp á árunum 2026 og 2027.

28. Virðisaukaskattskvöð

Áhvílandi virðisaukaskattskvöð

Eignasjóður seldi 125 bílastæði í bílastæðakjallara Austurbakka 2, til Reykjavík Development ehf í nóvember 2024. Bílastæðahúsið er skráð með sérstakri skráningu samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Reykjavík Development ehf tekur yfir áhvílandi virðisaukaskattskvöð vegna hins selda sem nemur rúmum 200 m.kr., þegar eiganskiptasamningur liggur fyrir og kaupsamningi hefur verið þinglýst.

29. Málaferli

Ágreiningur um nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2

S8 ehf. hefur höfðað mál gegn Reykjavíkurborg til greiðslu kr. 276.888.699,- auk dráttarvaxta vegna samkomulags um uppbyggingu og breytta nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2. Jafnframt gerir S8 ehf. kröfu um að Reykjavíkurborg verði gert að greiða félaginu kr. 197.943.514,- auk dráttarvaxta. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm í málinu hinn 23. maí 2025 þar sem A. lið aðalkröfu S8 ehf. var vísað frá dómi en Reykjavíkurborg sýknuð af öðrum kröfum S8 ehf. í málinu. S8 ehf. kærði frávísun héraðsdóms á fyrrgreindum kröfulið aðalkröfu til Landsréttar en áfrýjaði þeim kröfum er Reykjavíkurborg var sýknuð af einnig til Landsréttar. Með úrskurði Landsréttar frá 2. júlí 2025 í máli nr. 432/2025 felldi Landsréttur úr gildi ákvæði héraðsdóms um að vísa frá dómi A. lið aðalkröfu sóknaraðila og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið fyrir aftur að því leyti. Málið var flutt að nýju varðandi A. lið aðalkröfu S8 ehf. fyrir héraðsdómi en með dómi héraðsdóms í málinu frá 16. september 2025 var Reykjavíkurborg sýknuð af umræddri kröfu. í kjölfarið áfrýjaði S8 ehf. umræddum dómi héraðsdóms til Landsréttar þar sem málið bíður flutnings.

Krafa Vesturbugtar ehf. til viðukenningar á skaðabótaskyldu vegna riftunar samnings

Mál sem Vesturbugt ehf. hefur höfðað gegn Reykjavíkurborg aðallega til viðurkenningar á skaðabótaskyldu Reykjavíkurborgar vegna ætlaðs tjóns vegna missis hagnaðar sökum riftunar Reykjavíkurborgar á samningi á uppbyggingu í Vesturbugt, dags. 18. janúar 2017. Til vara gerir Vesturbugt ehf. kröfu annars vegar um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 116.171.425,- og hins vegar um endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum að fjárnæð kr. 196.298.110,- að frádreginni innborgun Reykjavíkurborgar að fjárhæð kr. 146.835.960,-. Dómar héraðsdóms í umræddum málum féllu í vil Reykjavíkurborgar.

Hreyfill svf. höfðar mál vegna vanefnda á samningi

Hreyfill svf. hefur höfðað mál á hendur Reykjavíkurborg til greiðslu kr. 297.000.000,- auk dráttarvaxta vegna ætlaðra vanefnda á samningi eða eftir atvikum í bæt看ur utan samninga. Reykjavíkurborg hefur frest til 3. september 2026 til að skila greinagerð í málinu.

Krafa fasteignaeigenda um bæt看ur vegna breytinga á deiliskipulagi Hlíðarenda

27 fasteignaeigendur hafa höfðað dómsmál um bæt看ur vegna breytinga á deiliskipulagi Hlíðarenda. Verði fallist á bótaskyldu í málunum gætu kröfur umræddra fasteignaeigenda numið verulegum fjárhæðum.

Skýringar með árshlutareikningi

29. Málaferli framh:

Reykjavíkurborg höfðar mál til viðurkenningar á bótaskyldu vegna leikskólans Brákarborgar

Reykjavíkurborg hefur höfðað mál til viðurkenningar á bótaskyldu hönnuða og verktaka vegna leikskólans Brákarborgar. Tjón Reykjavíkurborgar vegna Brákarborgar liggur ekki að fullu fyrir en talið er að sé umtalsvert.

Reykjavíkurborg og einstök B-hluta fyrirtæki eru aðilar að ýmsum dómsmálum og öðrum ágreiningsmálum, öðrum en þeim sem að framan hefur verið greint frá, sem gætu haft fjárhagslega þýðingu fyrir einstök fyrirtæki eða samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

30. Ytri efnahagsleg áhrif

Umfjöllun um ytri efnahagsleg áhrif er að finna í kaflanum Ytra umhverfi og helstu áhættur í skýrslu stjórnar hér að framan.

31. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í borgarstjórn auk borgarstjóra og staðgengla hans eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, börn og aðrir einstaklingar á framfæri aðilanna eða á framfæri maka aðilanna, falla einnig undir skilgreininguna. Þá eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila, einnig tengdir aðilar.

Sveitarfélagið hefur átt í viðskiptum við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda, sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er gætt að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Tengdum aðilum er óheimilt samkvæmt samþykktum siðareglum að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir.

Skýringar með árshlutareikningi

Reikningsskilaaðferðir

32. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru færð til lækkunar á framkvæmdakostnaði og koma til lækkunar á gjaldfærðum afskriftum á nýtingartíma fjárfestingarinnar. Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

33. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

34. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

35. Óefnislegar eignir

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna greinist þannig:

Hugbúnaður.....	5-7 ár
Orkuveitan, hitaréttindi.....	100 ár

36. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum, sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A-hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 m.kr. gjaldfærð með þeirri undantekningu, að skráningaskyld tæki eru eignfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum, sem eru til lengri tíma en þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings, sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur og varanlegir rekstrarfjármunir Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endurmatssdegi, að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunarir vegna þessa endurmats eru færðar yfir á eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar með árshlutareikningi

36. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna, framh:

Fjárfestingaeignir eru fasteignir Félagsbústaða hf., sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna. Fjárfestingaeignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Við mat á fjárfestingaeignum er stuðst við fasteignamat Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er fasteignamat gangverð, sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maímánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat. Fasteignamatið er framreiknað með vísitölu íbúðarverðs til ársloka. Fasteignamatið er þó leiðrétt vegna kvaða, sem á eignunum kann að hvíla. Breytingar á mati fjárfestingaeigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikning. Fjárfestingaeignir eru ekki afskrifaðar.

37. Fjármálagerningar

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning, sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðrar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhættu. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

38. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna, þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði.....	25-50 ár
Aðrar byggingar.....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi.....	9-90 ár
Orkuveitan, framleiðsla.....	7-60 ár
Bífreiðar, áhöld og tæki.....	3-25 ár

39. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma, sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma, er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Áætlaður nýtingartími leigueigna greinist þannig:

Fasteignir.....	2-26 ár
Lóðir.....	10-99 ár

40. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög samkvæmt lögum nr. 52/2016, lög um almennar íbúðir, sem sveitarfélögum er heimilt að veita til byggingar og kaupa á almennum íbúðum, til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði, eru eignfærð á kostnaðarverði, ef krafist hefur verið endurgreiðslu þeirra. Ef ekki er krafist endurgreiðslu þeirra, eru þau gjaldfærð við greiðslu.

Í ársreikningi A-hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A-hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A-hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Skýringar með árshlutareikningi

40. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum, framh:

Í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu, er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum. Aðrir eignarhlutir eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum, sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun, er reiknuð og færð í ársreikninginn, að undangengnu mati.

Í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu, er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum. Aðrir eignarhlutir eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum, sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun, er reiknuð og færð í ársreikninginn, að undangengnu mati.

41. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1. júlí 2017 að telja.

42. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánakjör að teknu tilliti til niðurfærslu. Næsta árs- og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

43. Niðurfærslur krafna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

44. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

45. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

46. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

47. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Breyting á skuldbindingunni er færð í rekstrarreikning. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru færðar meðal skammtímaskulda. Sjá nánar í skýringu nr. 22.

Skýringar með árshlutareikningi

48. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign þeirra fyrirtækja í B-hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í 10 ár frá því það myndast. Lagt hefur verið mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og áætlanir gerðar um skattskyldan hagnað á næstu árum. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs taps er færð upp að því marki sem talið er að það nýtist.

49. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok árs eins og lánað segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

50. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings, sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum, sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala, ef gerlegt er að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánað sveisarfélagssins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

51. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum.

52. Sjóðstreymisfirlit

Í fjárfestingarhreyfingum í sjóðstreymisfirliti er færð sú fjárfesting, sem hefur áhrif á handbært fé.

Skýringar með árshlutareikningi

53. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	A-hluti		A- og B-hluti	
	Árshluta- reikningur jan.-jún. 2026	Fjárhagsáætlun með viðaukum jan.-jún. 2026	Árshluta- reikningur jan.-jún. 2026	Fjárhagsáætlun með viðaukum jan.-jún. 2026
Útsvar	61,8%	62,4%	43,5%	43,0%
Fasteignaskattar	15,2%	15,7%	10,4%	10,5%
Skatttekjur samtals	77,0%	78,1%	53,9%	53,5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	9,6%	9,7%	6,7%	6,7%
Aðrar tekjur	13,4%	12,2%	39,4%	39,8%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	53,5%	54,0%	44,7%	44,3%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1,8%	1,7%	1,3%	1,1%
Annar rekstrarkostnaður	37,4%	37,2%	31,7%	33,0%
Rekstrargjöld samtals	92,8%	92,8%	77,7%	78,4%
Framlegð (EBITDA)	7,2%	7,2%	22,3%	21,6%
Afskriftir	6,6%	4,9%	11,1%	9,8%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.tekjur (-gjöld)	0,6%	2,3%	11,2%	11,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3,5%)	(1,9%)	(12,7%)	(9,3%)
Tekjuskattur	0,0%	0,0%	(0,3%)	(0,1%)
Matsbreyting fjárfestingaæigna	0,0%	0,0%	(1,5%)	2,2%
Áhrif hlutdeildarfélaganna og dótturfélaganna	0,0%	0,0%	(0,0%)	0,0%
Rekstrarniðurstaða	(2,9%)	0,4%	(3,3%)	4,6%
Veltufé frá rekstri	7,9%	7,5%	17,2%	15,5%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(9,0%)	(10,8%)	(17,9%)	(22,1%)
Heildarskuldir og skuldbindingar	213,1%	-	374,5%	-

Í þúsundum kr. á íbúa:

Rekstur:

Skatttekjur	574	565	570	562
Framlög Jöfnunarsjóðs	71	70	71	70
Aðrar tekjur	100	88	416	418
Rekstrartekjur samtals	745	723	1.058	1.050
Laun og launatengd gjöld	(399)	(390)	(473)	(465)
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldb. LsRb	(13)	(12)	(14)	(12)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(328)	(305)	(453)	(449)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(26)	(14)	(134)	(98)
Annað	0	0	(20)	22
Rekstrarniðurstaða	(22)	3	(35)	48

Sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri	58	54	182	163
Handbært fé frá rekstri	13	38	160	139

	A-hluti		A- og B-hluti	
	30.6.2026	31.12.2025	30.6.2026	31.12.2025
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,05	1,02	1,11	1,08
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,26	0,28	0,45	0,46
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):	2025	2024	2023	2022
Íbúafjöldi 1. desember	147.042	145.931	143.383	139.582
Breyting frá fyrra ári	1.111	2.548	3.801	3.901

Skýringar með árshlutareikningi

54. Lykiltölur A-hluta

Yfirlit um lykiltölur A-hluta síðustu fimm ár:	Áætlun með viðaukum	Árshluta-reikningur	Ársreikningar			
	2026 jan.-jún.	2026 jan.-jún.	2025	2024	2023	2022
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr.	-	-	(15.828)	(24.423)	(25.297)	(8.335)
Skuldaviðmið.....	-	-	77%	82%	77%	61%
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-	-	105%	113%	112%	102%
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (ára fjöldi)	11,84	11,15	12,98	13,98	14,02	(163,31)
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	29%	26%	28%	30%	29%	32%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	1,58	1,67	1,47	0,92	1,68	(0,17)
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,16	1,05	1,02	1,06	0,94	1,07
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	78,1%	77,0%	75,8%	74,4%	76,7%	75,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	9,7%	9,6%	9,1%	8,7%	7,6%	6,8%
Aðrar tekjur	12,2%	13,4%	15,1%	16,8%	15,7%	17,3%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	54,0%	53,5%	54,8%	53,8%	55,7%	58,6%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1,7%	1,8%	4,8%	(0,4%)	2,1%	3,5%
Annar rekstrarkostnaður	37,2%	37,4%	37,0%	37,3%	37,7%	39,3%
Afskriftir	4,9%	6,6%	5,1%	4,9%	5,0%	4,9%
Rekstrargjöld samtals	97,7%	99,4%	101,6%	95,6%	100,5%	106,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2,3%	0,6%	(1,6%)	4,4%	(0,5%)	(6,3%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1,9%)	(3,5%)	(1,0%)	(2,0%)	(2,3%)	(3,7%)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	0,4%	(2,9%)	(2,6%)	2,5%	(2,8%)	(10,0%)
Framlegð (EBITDA)	7,2%	7,2%	3,5%	9,3%	4,5%	-1,4%
Veltufé frá rekstri	7,5%	7,9%	6,9%	6,3%	6,5%	(0,6%)
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(10,8%)	(9,0%)	(10,4%)	(10,7%)	(14,6%)	(16,8%)
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	565	574	1.064	992	944	850
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	70	71	128	116	93	76
Aðrar tekjur	88	100	212	224	193	194
Rekstrartekjur samtals	723	745	1.405	1.332	1.230	1.119
Laun og launatengd gjöld	(390)	(399)	(769)	(717)	(685)	(656)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(12)	(13)	(67)	6	(26)	(39)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(305)	(328)	(591)	(562)	(524)	(495)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(14)	(26)	(14)	(26)	(29)	(41)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	3	(22)	(36)	33	(35)	(111)
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	54	58	97	84	80	(6)
Handbært fé frá rekstri	38	13	97	74	68	(16)
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(78)	(67)	(146)	(142)	(180)	(188)
Efnahagur:						
Eignir	2.180	2.157	2.099	2.002	1.951	1.842
Eigið fé	634	570	592	607	567	592
Skuldir	1.547	1.587	1.508	1.395	1.384	1.250
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,97%	14,97%	14,74%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	147.042	147.042	147.042	145.931	143.383	139.582
Breyting frá fyrra ári		0	1.111	2.548	3.801	3.901
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári		0,0%	0,8%	1,8%	2,7%	2,9%

Skýringar með árshlutareikningi

55. Lykiltölur A- og B-hluta

	Áætlun með viðaukum	Árshluta- reikningur	Ársreikningar			
Yfirlit um lykiltölur A- og B-hluta síðustu fimm ár:	2026 jan.-jún.	2026 jan.-jún.	2025	2024	2023	2022
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr. *	-	-	5.983	3.952	10.095	9.091
Skuldaviðmið..... *	-	-	106%	104%	110%	107%
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall.....	-	-	134%	132%	142%	143%
Aðrar lykiltölur:						
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	10,26	9,33	11,29	11,31	11,89	14,44
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	46%	44,8%	46,0%	46,4%	46,9%	48,8%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	1,35	1,55	1,27	1,24	1,08	1,14
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,10	1,11	1,08	1,18	1,09	1,14
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	53,5%	53,9%	53,0%	51,9%	53,5%	52,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	6,7%	6,7%	6,4%	6,1%	5,3%	4,7%
Aðrar tekjur	39,8%	39,4%	40,6%	42,0%	41,2%	42,5%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	44,3%	44,7%	45,3%	44,6%	46,0%	47,6%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1,1%	1,3%	3,4%	(0,3%)	1,6%	2,5%
Annar rekstrarkostnaður	33,0%	31,7%	32,9%	33,0%	33,4%	32,6%
Afskriftir	9,8%	11,1%	10,1%	10,0%	10,3%	10,5%
Rekstrargjöld samtals	88,2%	88,8%	91,7%	87,3%	91,4%	93,2%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	11,8%	11,2%	8,3%	12,7%	8,6%	6,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(9,3%)	(12,7%)	(7,5%)	(9,4%)	(11,7%)	(12,4%)
Annað	2,1%	(1,9%)	2,1%	0,8%	1,9%	8,5%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	4,6%	(3,3%)	3,0%	4,1%	(1,2%)	2,9%
Framlegð (EBITDA)	21,6%	22,3%	18,4%	22,7%	18,9%	17,3%
Veltufé frá rekstri	15,5%	17,2%	14,6%	14,5%	14,2%	11,8%
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(22,1%)	(17,9%)	(21,8%)	(20,9%)	(23,8%)	(22,8%)
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	562	570	1.058	986	938	845
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	70	71	128	116	93	76
Aðrar tekjur	418	416	811	799	723	680
Rekstrartekjur samtals	1.050	1.058	1.998	1.901	1.755	1.601
Laun og launatengd gjöld	(465)	(473)	(906)	(847)	(808)	(762)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(12)	(14)	(67)	5	(28)	(40)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(449)	(453)	(858)	(818)	(768)	(691)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(98)	(134)	(149)	(178)	(205)	(198)
Annað	22	(20)	43	14	33	136
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	48	(35)	59	77	(21)	46
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	163	182	292	276	249	190
Handbært fé frá rekstri	139	160	297	272	236	155
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(232)	(189)	(435)	(398)	(418)	(364)
Efnahagur:						
Eignir	7.061	7.178	7.060	6.707	6.503	6.233
Eigið fé	3.219	3.216	3.248	3.111	3.048	3.043
Skuldir	3.830	3.962	3.812	3.596	3.454	3.190
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,97%	14,97%	14,74%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	147.042	147.042	147.042	145.931	143.383	139.582
Breyting frá fyrra ári			1.111	2.548	3.801	3.901
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári			0,8%	1,8%	2,7%	2,9%

* Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2030 samanber reglugerð 1091/2025.